

Ár 2007, fimmtudaginn 6. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

I.

Samkvæmt lögum um kjararáð nr. 47/2006 skal kjararáð meðal annars ákveða laun og starfskjör ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör nái.

Kjararáð úrskurðaði 9. október 2007 að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

II.

Með bréfi iðnaðarráðuneytisins dagsettu 24. ágúst 2007 óskaði ráðuneytið eftir því að kjararáð ákvarðaði laun forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Með bréfinu fylgdi skipunarbréf forstjórans ásamt erindisbréfi dagsettu 14. júní 2007. Í bréfinu kemur fram að Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafi tekið til starfa 1. ágúst 2007 og starfi á grundvelli laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun nr. 75/2007. Við stofnun Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands hafi Iðntækni- stofnun Íslands og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins verið sameinaðar með nýjum áherslum. Hjá stofnuninni starfi um 80 manns í tveimur meginbyggingum á Keldnaholti. Forstjóri sé yfirmaður stofnunarinnar. Engin stjórn sé við stofnunina en henni til ráðgjafar starfi átta manna nefnd.

Með bréfum dagsettum 10. október 2007 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og forstjóra stofnunarinnar kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið. Í bréfi forstjórans dagsettu 22. október 2007 gerir hann grein fyrir starfi sínu og kemur meðal annars fram að starfsstöðvum á landsbyggðinni muni fjölga og starfsmönnum einnig. Auk aðalstöðva í Reykjavík heyri starfstöð á Akureyri undir forstjóra, starfstöð á Ísafirði sé í undirbúningi og starfstöðvar á Höfn og í Vestmannaeyjum séu fyrirhugaðar. Þá verði tengsl stofnunarinnar við háskóla landsins eflid.

Fjármálaráðuneytið tók ekki afstöðu til málsins í bréfi sínu dagsettu 23. október 2007.

III.

Í 1. gr. laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun nr. 75/2007 segir að Nýsköpunarmiðstöð Íslands sé sérstök stofnun sem heyri undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Í 3 gr. laganna segir að ráðherra skipi forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri fari með stjórn stofnunarinnar og daglegan rekstur. Hann ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar og ákveði starfsvið þeirra. Samkvæmt 2. gr. laganna er hlutverk stofnunarinnar að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði í landinu. Í þessu felist að miðla þekkingu og veita stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki og stunda tæknirannsóknir, þróun, greiningar, prófanir, mælingar og vottanir. Stofnunin skal ennfremur annast önnur stjórnsluverkefni sem henni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra. Nýsköpunarmiðstöð Íslands skal í starfsemi sinni taka mið af stefnu Vísinda- og tækniráðs. Í 6. gr. laganna segir að við Nýsköpunarmiðstöð Íslands skuli vera starfandi átta manna ráðgjafarnefnd sem iðnaðarráðherra skipi til þriggja ára í senn. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra og forstjóra ráðgefandi um fagleg málefni sem tengjast stefnumótun í tæknirannsóknum og vali á helstu verkefnum, ásamt því að vera tengiliður hennar við hagsmunaaðila. Forstjóri skal sitja fundi nefndarinnar.

Í erindisbréfi forstjórans segir að hann sé ábyrgur gagnvart iðnaðarráðherra fyrir rekstri stofnunarinnar. Einnig segir að við skipulagningu starfseminnar beri að stefna að því að efla samstarf við háskóla, nýsköpunarfyrirtæki, rannsóknarstofnanir og að stuðningsaðgerðir í þágu nýsköpunar og atvinnuþróunar verði markvissar.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er ný stofnun og hafa forstjóranum því ekki verið ákveðin laun áður. Við ákvörðun launa hans hefur meðal annars verið höfð hliðsjón af launum fyrrum forstjóra Iðntæknistofnunar og forstjóra Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins eins og þau voru, en tillit hefur verið tekið til aukinna umsvifa hinnar nýju stofnunar. Auk þess hefur verið litið til launa forstöðumanna hliðstæðra stofnana, bæði stofnana sem heyra undir iðnaðarráðuneytið og önnur ráðuneyti.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 14. júní 2007 skulu mánaðarlaun forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135, nú 648.757 krónur. Að auki skal greiða honum 18 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.462 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir